



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Verklagsreglur Skeiða-og Gnúpverjahrepps um afgreiðslu umsókna um tvöfalda skólavist

Almennt

Ef að fram kemur formleg beiðni til sveitarstjórnar um tvöfalda skólavist barns í Skeiða- og Gnúpverjahreppi annarsvegar og í öðru sveitarfélagi hinsvegar, skal sveitarstjóri afgreiða málið með eftifarandi hætti:

1. Formleg beiðni til sveitarstjórnar um tvöfalda skólavist barns, þarf að tilgreina lögheimili barns og eftir atvikum búsetuheimili þess, hafi foreldrar samið um skipta búsetu barnsins. Beiðnin þarf að innihalda rökstuðning foreldra fyrir því að barninu sé fyrir bestu að hafa tvöfalda skólavist.
2. Sveitarstjóri tekur beiðnina til efnislegrar meðferðar eins og kveðið er á um í III og IV kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.
3. Sveitarstjóri skal við ákvörðun í málinu taka mið af rökstuðningi foreldra barns sem fram kemur í beiðni um tvöfalda skólavist, sem og leiðbeinandi álti Sambands íslenskra sveitarfélaga um tvöfalda skólavist barna, dagsett 1. október 2019 sem umboðsmaður barna hefur tekið undir þann 4. október 2019.
4. Sveitarstjóri skal tilkynna aðilum málsins um fyrirhugaða ákvörðun sína og veita þeim andmælarétt eins og mælt er fyrir um í Stjórnsýslulögum.
5. Að loknum andmælafresti skal sveitarstjóri taka andmæli til greina og tilkynna aðilum málsins um ákvörðun í málinu. Gæta skal að leiðbeiningarskyldu og upplýsa um rökstuðning og kæruheimildir samkvæmt V kafla Stjórnsýslulaga, 30. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.
6. Að lokinni afgreiðslu málsins skal sveitarstjóri greina skólanefnd og sveitarstjórn frá lyktum þess.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps 5. október 2022.

Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri